

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-03214/AIG-24**

Dags: **4. september 2014**

Staður: **Sauðárflugvöllur**

Lýsing: **Rakst á kyrrstæðan bíl í kjölfar gangsetningar**

Flugmaður á TF-FRU (Cessna 172M) fór út úr flugvélinni til þessa að snúa skráfunni til að gangsetja hreyfilinn. Þegar flugvélin hrökk í gang snérist hún og ók af stað og rakst utan í kyrrstæðan bíl. Inni í flugvélinni var ein manneskja, sem ekki var með flugpróf.



RNSA bendir á skýrslu um sambærilegt atvik vegna TF-ZZZ á Reykjavíkflugvelli þann 6. ágúst 2013, sem var gefin út þann 17. september 2014.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 6. nóvember 2014.